



Velferðarnefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

Fjarðabyggð, 11. mars 2021
Tilvísun 2009147/5.9.3

Yfirfærsla á rekstri hjúkrunarheimilanna Hulduhliðar og Uppsala til ríkisins

Þann 3. mars sl. tilkynnti heilbrigðisráðuneytið sveitarfélaginu Fjarðabyggð að ákveðið hefði verið að rekstur hjúkrunarheimilanna Hulduhliðar og Uppsala flyttist til Heilbrigðisstofnunar Austurlands frá og með 1. apríl nk. Sveitarfélagið hefur eftir þá tilkynningu ítrekað þá kröfu sína við ráðuneytið, að vistaskiptin fari fram með þeim hætti að hagur heimilisfólks og starfsfólks heimilanna verði hafður í fyrirrúmi. Viðræður við ráðuneytið um flutning starfsfólks heimilanna til nýs rekstraraðila hafa gengið afar erfiðlega og heilbrigðisráðherra hefur í engu brugðist við ítrekuðum óskum sveitarfélagsins um fund vegna málsins. Við slíkt getur sveitarfélagið Fjarðabyggð ekki unað þegar tæplega tuttugu dagar eru þar til reksturinn færir af hendi sveitarfélagsins. Frá því uppsögn sveitarfélagsins var send til Sjúkratrygginga Íslands fyrir um sex mánuðum, hefur allt ferlið einkennst af tómlæti og seinangangi af hálfu heilbrigðisyfirvalda. Þetta eru mikil vonbrigði þar sem um er að ræða málaflokk sem sannarlega er á ábyrgðarsviði ríkisins.

Fjarðabyggð hefur frá upphafi þessa máls haft að leiðarljósi að starfsemi hjúkrunarheimilanna og starfsfólk þeirra færðist hnökralaust yfir til nýs rekstraraðila. Þar sem nú er orðið ljóst að heilbrigðisráðuneytið ætlar ekki að tryggja slíka yfirfærslu þann 1. apríl nk., samþykkir bæjarráð að óska eftir frestun á uppsögn á samningi um rekstur hjúkrunarheimilanna í Fjarðabyggð um einn mánuð, það er til 1. maí nk.

Bæjarráð Fjarðabyggðar óskar hér með eftir því við velferðarnefnd Alþingis að hún hlutist til um málið og tryggi án frekari tafa að lög nr.72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, gildi þegar yfirfærsla rekstursins tekur gildi 1. maí nk. Bæjarráð leggur þannig traust sitt á að velferðarnefnd bregðist snögg og vel við beiðni þessari, þar sem ljóst er að heilbrigðisráðherra ætlar sér ekki að vinna að farsælli lausn málsins.


Jón Björn Hákonarson
bæjarstjóri